

SÁÁ
b.t. Einars Hermannsonar stjórnarformanns
Efstaleiti 7
103 Reykjavík



Reykjavík, 29. desember 2021

Efni: Eftirlit vegna reikningsgerðar SÁÁ fyrir meðferð á göngudeildum.

Eins og þér er kunnugt um hafa Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) eftirlit með veitendum heilbrigðisþjónustu, í þessu tilviki SÁÁ. Vísað er til fyrri samskipta hvað varðar tildrög málsins.

Með bréfi dagsettu 25. júní sl. bárust SÍ andmæli SÁÁ vegna fyrirhugaðrar endurkröfu og viðvörunar.

Almennt um athugasemdir SÁÁ.

Fram kemur í bréfi SÁÁ að áhersla hafi verið að hálfu SÁÁ á að veita allar upplýsingar og aðgang að gögnum sem óskað var eftir. SÍ bárust hvorki þau gögn sem óskað var eftir né á því formi sem kveðið var á um. SÍ nýttu því heimildir sínar til að fara á starfsstöð SÁÁ til gagnaöflunar. Nánar verður farið yfir gagnaöflunina hér á eftir.

Fyrstu svör og gögn frá SÁÁ bárust í byrjun mars: „Svar til SÍ frá 18. febrúar 2021 um eftirlit“ þar sem svarað var fyrirspurn um auknar fjárheimildir og „Svar til SÍ frá 18. febrúar 2021 um starfsemi“ þar sem svarað var fyrirspurn um ráðgjafaviðtöl í október og nóvember 2020 á Akureyri og í Reykjavík. Hvorki bárust með svörum SÁÁ umbeðnar tímabækur né afrit af sjúkraskrá. Var SÁÁ send ítrekun um að fá umbeðin gögn.

Þann 12. mars 2021 sendi SÁÁ að nýju gögn til SÍ. Voru í þeirri sendingu mikill fjöldi kvittana frá Akureyri, „Akureyri.pdf“ og Reykjavík, „Reykjavík.pdf“ en ekki umbeðin gögn, þ.e. tímabækur og afrit af sjúkraskrá. Að því tilefni var SÁÁ sendur eftirfarandi ítrekunarpóstur sama dag:

„Móttekin gögn voru ekki það sem beðið var um. Vísað er til fyrri bréfa þar um. Þannig hefur enn ekki verið afhent afrit sjúkraskrár. Sjúkraskrá skal halda sbr. 3.gr. og 4.gr. samnings SÍ og SÁÁ um göngudeild og enn fremur lög um sjúkraskrár: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2009055.html>.

Ekki hefur verið afhent tímabók, en um tímabækur og staðfestingu á komum er kveðið á um í 4.gr. samnings.

Í 13. gr. samnings er kveðið á um upplýsingaskyldur verksala gagnvart SÍ og í lögum um Sjúkratryggingar Íslands er einnig skýr ákvæði þar um. Þetta er hér sagt til áminningar og áréttingar á kröfu um umbeðnar upplýsingar.

Um eftirlitsheimildir var áður getið, en þar ber að líta til 45. og 46. gr. laga nr. 112/2008.“

Aftur var SÁÁ sendur póstur 15. mars þar sem ítrekuð var krafa SÍ um að fá afrit af sjúkraskrá. SÁÁ svaraði og véfengdi rétt SÍ til að fá afrit af sjúkraskrárgögnum. Var því svarað að hálfu SÍ að í lögum og samningum væri þessi réttur ótvíræður og að gögnin skyldi senda með umbeðnum hætti um gagnagátt til SÍ.



Þann 18. mars var SÍ send gögn úr sjúkraskrá SÁÁ. Í ljós kom að um var að ræða, í mörgum tilfellum, aðra útgáfu sjúkraskrár, þ.e. fyrri útgáfu hafði verið breytt. Ekki var í þessum gögnum hægt að sjá hver breytti hverju né hvenær fyrsta færsla var gerð. Ekki var með þessari gagnasendingu send tímabók.

Þann 23. mars var tímabók send til SÍ eftir frekari ítrekun um gögn. Ekki var hægt að sjá hvenær tímabókin var gerð og var hún annars vegar í excel og hins vegar á pdf.

Eftir að gögn sem getið er hér að framan höfðu verið móttækin hófst ítarleg yfirferð þeirra og greining. Vegna þess hversu gögnin voru ófullkomin og vegna þess að sjúkraskrá hafði verið breytt án þess að hægt væri að sjá hver breytti hverju og hvenær var ákveðið að fara í vettvangsheimsókn á starfsstöð göngudeildar þann 7. apríl og aftur 14. apríl.

Í bréfi SÁÁ kom fram að vegna Covid hefði mátt vera ljóst að frábrigði gætu orðið við framkvæmd samninga, sem ekki yrði við ráðið, og mætti almennt skýra athugasemdir SÍ með vísan til þeirra. Þrátt fyrir þetta voru forsvarsmenn samtakanna upplýstir um að samningur við SÍ vegna göngudeildar var afkastabundinn og ef ætlunin væri að breyta út frá honum væri nauðsynlegt að gera það í samráði við og með samþykki SÍ. Þannig má lesa í bréfi sem Einar Hermannsson formaður SÁÁ sendi á u.þ.b. 50 einstaklinga, þann 2. júní sl. (fskj. 1), að þann **11. mars 2020** hafi eftirfarandi verið bókað í framkvæmdastjórn SÁÁ:

„COVID-19. Formaður greindi frá því að okkar þjónustusamningar væru bundnir við afköst, sérstaklega göngudeildarsamningurinn. Þurfum að skrifa SÍ varðandi stöðuna. Framkv.stj.lækninga fór yfir stöðuna varðandi aðgerðir sem gæti þurft að fara í ef um smit verður að ræða eða starfsmenn þurfi að fara í sóttkví.“

Ekkert samband var haft við SÍ vegna göngudeildarsamningsins og fyrsti reikningur vegna fjarþjónustu var sendur SÍ viku síðar (þ.e. 18. mars 2020) án þess að stofnunin væri upplýst um eðli og tilurð hans.

Athugasemdir vegna upplýsinga SÁÁ um ráðstafanir vegna Covid

Í bréfi SÁÁ er vísað til ástands sem skapaðist vegna heimsfaraldursins og torveldaði hefðbundna heilbrigðisþjónustu. Þá er vísað til þess að SÁÁ hefði fengið staðfestingu Embættis landlæknis (EL) um að samtökin uppfylltu lágmarkskröfur til að reka fjarheilbrigðisþjónustu í gegnum viðurkennt kerfi (Kara Connect).

Vegna þessa er rétt að benda á að öll heilbrigðisþjónusta fyrir áfengis- og vímuefnasjúka á göngudeildum fíknigeðdeildar Landspítalans fór fram með óbreyttu sniði í staðþjónustu frá maí 2020 og áfram, bæði hóptímar og einstaklingsviðtöl. Enn fremur skal ítrekað að þó EL hafi samþykkt að SÁÁ uppfyllti skilyrði fyrir veitingu fjarþjónustuviðtala var ekki gerður neinn samningur við SÍ um þau og er það



grundvallaratriði. Þá er rétt að vísa til þeirra ströngu skilyrða sem uppfylla skal vegna slíkra viðtala s.s. um að báðir aðilar skrái sig inn með rafrænum skilríkjum og að viðtölin fari fram með ákveðnum hætti o.s.frv. og að haldin sé skrá um samskipti (rauntímaskrá) vegna viðtalanna sem verður til inni í kerfinu. Engu slíku er til að dreifa í þessu tilfelli.

Þá má benda á fortakslaust skilyrði, sem fram kemur í fyrirmælum EL um upplýsingaöryggi við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu, að einungis heilbrigðisstarfsmenn með löggilt starfsleyfi frá landlækni samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 og starfa innan heilbrigðisstofnunar/starfsstöðvar sem hefur staðfestingu frá landlækni um leyfi til reksturs geta veitt fjarheilbrigðisþjónustu. Þetta virðist hafa verið virt að vettugi. Upplýsingar liggja fyrir um að ráðgjafanemar hjá SÁÁ hafi veitt mikinn fjölda ráðgjafaviðtala í fjarþjónustu og SÍ var gerður reikningur vegna þess.

Einnig er rétt í þessu sambandi að ítreka fyrri athugasemdir vegna færslu á sjúkraskrá því í áðurnefndum fyrirmælum EL er ítrekað að kröfur um skráningu í sjúkraskrá við veitingu fjarheilbrigðisþjónustu og um meðferð sjúkraskráupplýsinga eru þær sömu og við aðra heilbrigðisþjónustu. EL gerir einnig kröfu um að sjúklingur samþykki við upphaf meðferðar notkunarskilmála er varða þjónustuna. Notkunarskilmálar skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar sem sjúklingur þarf að kunna skil á til að geta treyst því að samskipti séu örugg og upplýst samþykki fyrir vinnslunni. Sjúklingur á að geta valið um að fá sent afrit af upplýstu samþykki í tölvupósti. Öll samskipti milli sjúklings og heilbrigðisstarfsmanns skulu vera dulkóðuð, svo sem með HTTPS með SSL/TLS dulkóðunarsamskiptastöðlunum, og tryggt að enginn utanaðkomandi hafi aðgang að samskiptunum meðan á þeim stendur og þau séu örugglega ekki geymd af þriðja aðila. EL gerir kröfu um að heilbrigðisstarfsmenn skrái sig inn og hafi aðgang að upplýsingum um sjúklinga sína á lokuðu heimasvæði þar sem meðferð fer fram. (fskj. 2)

Því liggur nú fyrir að það sjónarmið sem SÁÁ hefur haldið fram, varðandi veitingu á fjarheilbrigðisþjónustu, stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru. Ekki er hægt að styðja það sjónarmið SÁÁ með skráningarupplýsingum (úr Kara Connect) þó eftir því hafi verið gengið, ekki eru staðfestingar á komum, færslur í tímabók sýna ekki bókanir viðtalanna. Ljóst er að ekki voru uppfyllt fyrirmæli EL um upplýsingaöryggi og lágmarkskröfur.

Grundvallaratriði í þessu er þó að ekki er getið um fjarheilbrigðisþjónustu í samningnum milli SÍ og SÁÁ. SÁÁ var því óheimilt að gera SÍ reikning vegna hennar. SÁÁ upplýsti SÍ ekki á neinu stigi málsins um að reikningar vegna ráðgjafaviðtala, sem sendir höfðu verið inn og greiddir, væru vegna fjarþjónustu. Sjúkratryggingum Íslands er óheimilt að greiða fyrir þjónustu sem er utan samninga nema fyrir liggja reglugerð og gjaldskrá sem ekki er til staðar í þessu tilfelli.

Þau sjónarmið koma fram í svörum SÁÁ að nauðsynlegt hafi verið að loka staðþjónustu göngudeilda vegna þess að fíknisjúklingar teljist til sérstaks áhættuhóps og að fyrir liggir



læknisfræðilegar upplýsingar um að hærra hlutfall þeirra hafi smitast og hlotið alvarlegar afleiðingar vegna þess. Vísað var til heimilda þessu til stuðnings á vef NIDA.

Í tveimur pistlum Noru Volkow forstjóra NIDA¹, annars vegar frá 6. apríl 2020 og hins vegar 5. október 2020² koma fram þau sjónarmið að mjög mikilvægt sé að þessi sjúklingahópur fái góða og örugga heilbrigðisþjónustu. Það sé vegna þess að hann fái oft lakari heilbrigðisþjónustu en aðrir sjúklingahópar og að það helgist af fordómum. Að þessi sjúklingahópur sé sérstaklega útsettur fyrir að veikjast alvarlega af Covid vegna þess að reykingar séu mjög algengar innan hans og almennt heilsufar lakara ásamt ótryggari heimilisaðstæðum.

SÍ eru sammála forstjóra NIDA um mikilvægi þess að fíknisjúklingar njóti bestu mögulegrar heilbrigðisþjónustu án fordóma. Þess vegna var mikilvægt að göngudeild fyrir þá væri þeim opin.

Svör SÁÁ vegna reikningsgerðar

Í svörum SÁÁ koma fram þau sjónarmið að fjárhagslegur ávinningur samtakanna af útgáfu reikninga vegna fjarþjónustu hafi enginn verið enda kveði samningur SÍ við SÁÁ um göngudeildir á um fasta samningsupphæð sem greiða eigi óháð þjónustumagni. Sömu sjónarmið komu áður fram í tölvubréfi framkvæmdastjóra lækninga til SÍ þann 26. mars sl. :

„Það er ekki okkar hagar að skrá fleiri viðtöl. Samningur um göngudeild hljóðar uppá fasta upphæð en ekki afköst og því er ekki verið að svikjast um eða svikja út úr SÍ, og enginn ásetningur um slíkt.“

Þá var einnig fært í málaskrá SÍ eftir vettvangsheimsókn í göngudeild þann 7. apríl sl. að framkvæmdastjóri lækninga hafi í þeirri heimsókn ítrekað fullyrt að engu skipti um framleiðslu á göngudeild því SÍ bæri að greiða SÁÁ þá fjármuni sem ákvarðaðir væru með fjárlögum óháð framleiðslu.

Um þetta er tvennt að segja. SÍ er falið að semja við veitendur heilbrigðisþjónustu á grundvelli fjárheimilda sem ákvarðaðar eru með fjárlögum. Í samningum er svo kveðið á um hver sú þjónusta er, af hvaða gæðum og í hvaða magni og hvernig skuli greitt fyrir hana. Í tilfalli samnings SÍ við SÁÁ er kveðið á um að þjónustumagn geti aldrei kallað á meiri greiðslur að hálfu SÍ en tiltekið greiðslupak. Því þaki hefur svo stundum verið lyft ef auknar fjárheimildir fást og þá gerður viðauki við samninginn. Grundvöllur þess að greiðslur eru inntar af hendi er alltaf sá að þjónustan sé veitt á grundvelli samningsins. Er í þessu sambandi vísað í texta samningsins. Má þessu til stuðnings vísa til dóms Hæstaréttar í máli SÁÁ gegn íslenska ríkinu nr. 610/2016 sem kveðinn var upp þann 5. október 2017, en þar segir í dómsorði að **túlkun samninga ráðist fyrst og fremst af skýringu á orðum þeirra og samhengi orða**. Samningur við SÁÁ um göngudeildarþjónustu er skýr um að greitt er fyrir tiltekna afmarkaða og samningsbundna þjónustu og þegar magn hinnar veittu þjónustu hefur náð tilteknu

¹ <https://www.drugabuse.gov/about-nida/noras-blog/2020/04/covid-19-potential-implications-individuals-substance-use-disorders>

² <https://www.drugabuse.gov/about-nida/noras-blog/2020/10/new-evidence-substance-use-disorders-covid-19-susceptibility>



hámarki á einu ári verði ekki frekari greiðslur vegna sammingsins sóttar til SÍ á grundvelli hans.

Þetta skildi framkvæmdastjórn SÁÁ og samþykkti, sbr. áðurnefnda bókun frá 11. mars 2020. Fyrsti reikningur vegna þjónustu sem veitt var utan staðþjónustu var sendur SÍ viku síðar án þess að stofnunin væri upplýst um að ekki væri um staðþjónustuviðtal að ræða. Í kjölfarið voru mörg þúsund slíkir reikningar sendir SÍ og þeir greiddir í góðri trú að um sammingsbundna þjónustu væri að ræða.

Um sjónarmið SÁÁ vegna boðaðra aðgerða á grundvelli vanefnda

Í bréfi SÁÁ til SÍ er fullyrt að göngudeildir SÁÁ hafi ekki verið lokaðar fyrir staðþjónustu frá 5. október 2020 og út árið eins og fram kom í greinargerð SÍ. Þannig hafi SÁÁ einungis dregið úr þjónustu sinni og að þjónusta hafi verið veitt m.a. með námskeiðum í fjölskyldudeild og einstaklingsúrræði eins og barnaþjónustu.

Um þetta er það að segja að staðþjónusta sem veita átti samkvæmt samningi milli SÍ og SÁÁ var lokað. Á sama tíma veitti SÁÁ þjónustu samkvæmt öðrum samningum s.s. samningi við Reykjavíkurborg um fjölskylduráðgjöf og sálfræðiþjónustu og samningi við félagsmálaráðuneytið um sálfræðiþjónustu barna og foreldra þeirra barna sem lagst hafa inn á Vog. Ekki verður séð að málefnalegar ástæður liggi hér að baki enda voru göngudeildir fíknigeðdeildar Landspítala opnar sjúklingum með óbreyttu sniði í staðþjónustu að teknu tilliti til almennra sóttvarna. Engin gögn styðja þá fullyrðingu SÁÁ um að sjúklingahópur sá sem sækir göngudeildir samtakanna eigi erfiðara með að fylgja sóttvörnum en aðrir og þeir beri því með sér meiri smithættu en aðrir, bæði fyrir aðra sjúklinga og starfsmenn.

Þá er í bréfi SÁÁ vísað til þess að starfsemi göngudeilda fíknigeðdeildar LSH sé með öðrum hætti en hjá SÁÁ. Upplýst er að í göngudeild fíknigeðdeildar fór fram í staðþjónusta allan tímann, bæði hóptímar og einstaklingsviðtöl.

Því eru SÁÁ krafín um endurgreiðslu á fastagjaldi, sbr. göngudeildarsamninginn, vegna þessa tímabils.

Um sjónarmið SÁÁ vegna endurkröfu á grundvelli sammings um unglíngadeildina á Vog

Í svörum SÁÁ kemur fram það sjónarmið að ekkert í samningi um áfengis- og vímuefna meðferð á sjúkrahúsinu Vog styðji þann skilning SÍ að unglíngameðferðin sé fyrir einstaklinga sem eru yngri en 20 ára enda séu þau aldursviðmið ekki tilgreind sérstaklega í samningnum.

Á þetta geta SÍ ekki fallist og er vísað til eftirfarandi:

- Rétt er að benda á að unglíngadeildin hefur alltaf verið sögð fyrir yngri en 20 ára. Það var gert í fyrri samningi um Vog sem undirritaður var 20. desember 2007 (Fskj. 3) og það hafa SÁÁ gert allar götur og eru um það



margar tilvísanir, t.d. í grein forstjóra á sjúkrahúsinu Vogu í læknaðinu 2016³.

- Í greinargerð SÁÁ um viðbúnað og þjónustumagn meðferðarþjónustu SÁÁ árið 2019 sem birt er á vef samtakanna⁴ má t.d sjá að árið 2019 voru innritanir á unglingsdeild miðaðar við yngri en 20 ára.
- Í upplýsingariti um heilbrigðisþjónustu SÁÁ 1977-2018⁵ er kafli um unglings og þegar fjallað er um unglingsdeildina er alltaf miðað við einstaklinga yngri en 20 ára.
- Í viðtali við forstöðulækni á Vogu sem birtist í SÁÁ blaðinu og m.a. er vísað til á vef samtakanna⁶ kemur m.a. fram að aldurshópurinn 18-19 ára væri helsti markhópur á unglingsdeildinni.
- Í erindi SÁÁ til velferðarnefndar vegna fjárlaga 2019 má lesa um unglingsdeildina á bls. 5⁷ og er eingöngu talað um yngri en 20 ára.
- Í minnisblaði SÁÁ vegna fundar um meðferð fyrir börn og ungmenni frá 29. maí 2018⁸ er eingöngu talað um að ungmennadeildin sé fyrir yngri en 20 ára.
- Í minnisblaði SÁÁ frá 5. júní 2018 vegna fundar SÁÁ og Embættis landlæknis vegna úrbóta á Vogu til að mæta þörfum ólögráða einstaklinga um meðferð⁹ er sagt skýrt um ungmennadeildina á Vogu að hún sé fyrir 19 ára og yngri.

Öll þessi fjölmörgu dæmi um upplýsingar og tilkynningar sem SÁÁ hafa sett fram allar götur frá því að unglingsdeildin var stofnsett, og síðar gerður um hana samningur við SÍ, bera með sér þann skilning að unglingsdeildin var ætluð fyrir ungmenni yngri en 20 ára. Þannig ber því að skilja samninginn milli SÍ og SÁÁ, um vímuefna meðferð ungmenna á Vogu, og það þjónustumagn sem ætlast er til að uppfyllt sé samkvæmt samningi ef ekki á að koma til skerðingar ákvæða.

Í fyrstu svörum sem SÍ voru send 1. mars sl. frá SÁÁ og undirrituð af yfirlækni og formanni kom fram að 65 einstaklingar yngri en 20 ára hafi lagst inn á unglingsdeildina á Vogu árið 2020 í 86 innlögnum. Þann 6. september var upplýsinga óskað um fjölda innritana á Vogu árið 2020 og barst daginn eftir svar frá SÁÁ þar sem kom fram að innritanir hafi verið 1682 og legudagar 16.465. Í kjölfar þessara svara frá formanni SÁÁ

³ <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2016/0708/nr/5951>

⁴ <https://saa.is/wp-content/uploads/2020/03/greinargerð-2020-web.pdf>

⁵ https://saa.is/wp-content/uploads/2019/11/arsrit2019.texti_.web_.pdf

⁶ <https://saa.is/unglingsdeild-byggd-med-thjodarataki/>

⁷ <https://saa.is/wp-content/uploads/2018/11/fjarlaganefnd.2.10.2018.pdf>

⁸ <https://saa.is/wp-content/uploads/2018/11/minnisblad-29.05.2018.pdf>

⁹ <https://saa.is/wp-content/uploads/2018/11/minnisblad-4.6.2018.pdf>



var óskað eftir að fá upplýsingar á rafrænu formi um innlagnir og útskriftir af Vog 2020 með kennitölum og dagsetningum. Það skjal barst um gagnagátt 8.9.2021.

Við yfirferð á því skjali kemur í ljós að 20 einstaklingar yngri en 20 ára lögðust inn á Vog í 27 innritunum og var meðallegutími 5,3 dagar. Heildarfjöldi legudaga var 144. Í samningi milli SÍ og SÁÁ um Vog er samið um að innritanir á unglíngadeild skuli vera að lágmarki 205 og legudagar 2050. Við útreikning endurkröfu mun miðað við þessar magnþölur.

Í áður nefndu svari frá SÁÁ sem SÍ barst 7.9.2021 voru legudagar sagðir vera 16.465. Við yfirferð á skjalinu með innritunum og útskrift af Vog 2020 eftir kennitölum kom hins vegar í ljós að legudagarnir voru mun færri enda voru ýmsar villur í skjalinu. Þannig var inni í fjöldanum legudagar vegna ársins 2021 og ekki hafði verið leiðrétt með tilliti til innritunar og útskriftardaga. Þegar skjalið hafði verið leiðrétt var niðurstaðan um fjölda legudaga á Vog 2020 sú að þeir voru 14.659. Ljóst er að lágmarksmagnþölur í samningi SÁÁ við SÍ um Vog voru því hvorki uppfylltar hvað varðar innlagnir og legudaga á unglíngadeild né heildarfjölda legudaga á Vog 2020.

Vegna sjónarmiða SÁÁ um tilhæfulausa reikningsgerð

SÁÁ vísar til þess að ekki sé tekið fram það fortakslausu skilyrði í samningi um göngudeildarþjónustu að þjónustan skuli fara fram í staðþjónustu og hins vegar að SÍ hafi borið að upplýsa SÁÁ og gera athugasemd vegna reikninga fyrir fjarþjónustu enda berist stofnuninni reikningar SÁÁ daglega.

Í þessu sambandi skal vísað til fyrri athugasemda um hvernig túlka beri samning milli aðila og þar með óþarft að tilgreina sérstaklega að hann gildi ekki um fjarþjónustu. Þessu til stuðnings má t.d. nefna að breyting var gerð 26. mars 2020 á gjaldskrá sérgreinalækna vegna rafrænna samskipta og fjarlækninga einmitt til þess að sérgreinalæknar gætu gert stofnunni reikning vegna slíkra læknisverka undir mjög ströngum skilyrðum og á skýrt afmörkuðum grundvelli¹⁰. Þannig gátu sérgreinalæknar ekki gert SÍ reikning vegna fjarlækninga fyrir en með auglýstri breytingu á gjaldskránni í Stjórnartíðindum.

Um sjónarmið SÁÁ um að SÍ hafi átt að gera samtökunum viðvart vegna hinnar tilhæfulausu reikningsgerðar er það að segja að SÍ var ekki kunnugt um uppruna þessara reikninga fyrir en hafið var það eftirlitsmál sem er nú andlag endurkröfu vegna reikninganna. Við reglubundið eftirlit á innsendum reikningum til SÍ frá þjónustuveitendum í febrúar sl. varð eftirlitsdeild SÍ vör við óeðlilegan fjölda reikninga frá SÁÁ vegna ráðgjafaviðtala á Akureyri í nóvember 2020. Þetta er allt rakið í fyrri samskiptum. Á hinn bóginn má benda á að SÁÁ upplýsti aldrei SÍ um að til stæði að gera reikninga vegna fjarþjónustu og það þrátt fyrir að frá 11. mars 2020 hafi forsvarsmönnum SÁÁ verið ljóst að slíkt yrði að gera, sbr. áður nefnda bókun

¹⁰ www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=0736937f-a44c-4463-b278-40ea9016dcb6



framkvæmdastjórnar. Þá skal áréttað að SÍ var ekki kunnugt um að mörg þúsund innsendir reikningar vegna ráðgjafaviðtala væru vegna svokallaðra „fjarviðtala“ enda kom það hvergi fram á þeim reikningum sem sendir voru SÍ; í raun vissu SÍ ekki að nokkur slíkur reikningur hafi verið sendur SÍ til greiðslu enda hefði sá reikningur þá ekki verið greiddur þar sem um starfsemi utan samninga væri að ræða og SÍ óviðkomandi. Þetta kom ekki í ljós fyrr en eftir að eftirlitsmál vegna starfsemi göngudeilda SÁÁ hófst þann 18. febrúar sl. og gögn fóru að berast frá SÁÁ. Það kom enn betur í ljós við yfirferð stofunóta sem sóttar voru í vettvangsheimsóknum 7. og 14. apríl sl. Hið griðarlega umfang þessarar tilhæfulausu reikningsgerðar vegna „fjarviðtala“ kom svo endanlega í ljós þegar SÍ fékk loks yfirlit um þau frá SÁÁ þann 20. maí sl. Það skal því undirstrikað að allan tímann sem SÁÁ sendu SÍ þessa reikninga voru Sjúkratryggingar í algeru myrkri um tilurð þeirra og eðli og voru reikningarnir greiddir í þeirri góðu trú að þar væru tekin ráðgjafaviðtöl samkvæmt samningi milli aðila.

Í bréfi SÁÁ virðist gæta þess misskilnings að endurkrafa SÍ taki aðeins til ársins 2020, en í bréfi SÍ til SÁÁ þann 5. maí er samtökunum tilkynnt að vegna alvarleika málsins og vegna þeirra upplýsinga sem eftirlitsdeild SÍ hafði þá þegar aflað sér, myndi athugun SÍ taka til alls ársins 2020 og fyrstu tveggja mánaða 2021. Því standa SÍ við kröfu sína byggða á fjölda viðtala á þessu 14 mánaða tímabili. Þá má taka til skoðunar hvort rétt væri að víkka tímabilið út enn frekar enda er ljóst að SÁÁ hafa ekki látið af þeirri háttsemi að senda SÍ reikninga vegna fjarþjónustu og enn fremur vegna þess að ekki er til að dreifa staðfestingum á komum, m.a. í hóptíma síðan í mars 2020. SÍ áskilja sér rétt til að gera frekari endurkröfur síðar vegna þessa.

Um athugasemdir SÁÁ vegna einstakra atriða er varða skráningu og reikningsgerð

Samkvæmt upplýsingum sem SÁÁ afhenti SÍ vegna starfsemi í göngudeildum árið 2019 (fskj. 4) komu að meðaltali 20 einstaklingar mánaðarlega á göngudeildina á Akureyri í öll úrræði. Fyrstu 9 mánuði 2019 voru mætingar í eftirfylgni samtals 100 (karlar 19 og konur 81) eða 11 mætingar á mánuði. Samkvæmt sama skjali var 420 sinnum mætt í hópmeðferð og 166 sinnum í stuðningshóp. Þetta gera 686 mætingar í hóptíma þessa fyrstu 9 mánuði ársins 2019. Þannig voru mætingar í hóptíma að jafnaði mánaðarlega 76 og því fráleitt að réttlæta hinn óhóflega fjölda ráðgjafaviðtala eða 360 í nóvember 2020 með því að segja að þar fari þjónusta í stað hóptíma eða vegna eftirfylgni. Samkvæmt upplýsingum úr reikningakerfi SÍ komu 4 einstaklingar í eftirfylgni í göngudeildina á Akureyri í október 2020 og mætti hver þeirra einu sinni. Þá voru 12 einstaklingar sem sóttu hópmeðferð í október 2020, samtals 26 sinnum. (Í september sóttu 9 einstaklingar eftirfylgd og mættu 18 sinnum eða tvisvar að jafnaði í þeim mánuði. 15 sóttu hópmeðferð og mættu 66 sinnum eða 4,4 sinnum í mánuði).

Til þess að sannreyna tilurð ráðgjafaviðtala þeirra sem sögð voru vera fjarviðtöl var tekið 10 manna úrtak úr hópi þeirra sem flest viðtöl höfðu fengið 2020 og annað 10 manna úrtak úr hópi þeirra sem fengu eitt ráðgjafaviðtal og áttu engin önnur samskipti við SÁÁ tvo mánuði fyrir viðtal og tvo mánuði eftir viðtal. Heilbrigðisstarfsmaður í eftirlitsdeild SÍ hringdi í viðkomandi einstaklinga 2. og 3. júní. Þau svör sem bárust



gefa til kynna að hér hafi sannarlega fyrst og fremst verið um að ræða stutt, óumbeðin símtöl sem ekki voru tímasett fyrir fram. Þá könnuðust sumir af þeim sem hringt var í og sagðir voru hafa fengið mikinn fjölda viðtala ekki við það magn og í undantekningartilfellum greiddu sjúklingar fyrir þjónustuna.

Í bréfi SÁÁ frá 25.6.2021 til SÍ kemur fram að fjöldi ónafngreindra ráðgjafa hafi hringt í sjúklinga eftir úthringilistum og hafi síðan 4 ráðgjafar unnið við að færa nótu um þau í sjúkraskrá. Samkvæmt 4. gr. laga sjúkraskrá nr. 55/2009 skal heilbrigðisstarfsmaður sem fær sjúkling til meðferðar færa sjúkraskrá og skal ábyrgðaraðili sjúkraskráa sjá til þess að unnt sé að færa sjúkraskrá í samræmi við ákvæði laganna. Heilbrigðisstarfsmaður sem veitir meðferð og færir upplýsingar um hana í sjúkraskrá ber ávallt ábyrgð á sjúkraskrárfærslum sínum. Það verklag sem lýst er í svari SÁÁ til SÍ ber með sér augljós brot á þessum lögum. Þannig er upplýst að ráðgjafar hafa fært verk annarra í sjúkraskrá sem sín eigin. Þá er viðurkennt í svörum SÁÁ að um stutt og óumbeðin símtöl var að ræða sem hringd voru alfarið að frumkvæði starfsmanna SÁÁ. Þá kann SÁÁ að hafa brotið gegn lögum um persónuvernd með þessari háttsemi,

Enn fremur er sérstaklega ámælisvert að með hringingum ráðgjafanema í sjúklinga er verið að brjóta gegn fyrirmælum EL vegna rafrænna samskipta þegar starfsmaður sem hefur ekki öðlast viðurkenningu sem heilbrigðisstarfsmaður var sagður vera að veita fjarheilbrigðisþjónustu.

Vegna athugasemda SÁÁ yfir tilkynningarskyldu SÍ til EL vegna sjúkraskrár

SÁÁ segjast í bréfi sínu ekki fallast á það sjónarmið að færsla sjúkraskrár á göngudeildum hafi ekki verið í samræmi við lög og því síður að starfsmenn SÁÁ hafi brotið gegn lögum eða fyrirmælum Embættis landlæknis.

SÍ ber skv. lögum að hafa samráð við EL og tilkynna um vanefndir og aðgerðir vegna þeirra, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Þá skal einnig vísað til eftirlitshlutverk landlæknis, sbr. 22. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, og laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/ 2007.

Samantekt

Farið hefur verið yfir sjónarmið SÁÁ sem fram komu í svari og athugasemdum Einars Hermannssonar formanns SÁÁ dags. 25. júní sl.

Eins og fram kemur hér að framan telja SÍ ekkert í svörum SÁÁ sem breyti niðurstöðu þessa máls sem hér hefur verið rakið og er vísað til fyrri röksemda SÍ þar um.

Sjúkratryggingar Íslands standa við áður kynnt áform sín um að krefja SÁÁ um:

1. Endurgreiðslu á 3.801 tilhæfulausum reikningum sem sendir voru SÍ vegna fjarþjónustu á tímabilinu 1. janúar 2020 til 28. febrúar 2021. Fjárhæðin er kr. 36.071.490.-



2. Endurgreiðsla á föstu mánaðargjaldi vegna samnings um göngudeildir SÁÁ vegna tilhæfulausrar lokunar fyrir staðþjónustu á tímabilinu október til desember 2020. Fjárhæðin er kr. 29.882.892.-
3. Endurkrafa vegna unglingadeildar SÁÁ. Skal hér annars vegar miðað við magntölur um fjölda innlagnardaga á Unglingadeild í gr. 4.2 í samningi SÍ við SÁÁ um áfengis- og vímuefnaeðferð á Sjúkrahúsinu Vogu og hins vegar skerðingarákvæði í gr. 7.3 sem virkjast þegar verksali uppfyllir ekki kröfur um magn þjónustu skv. gr. 4.2. Fjárveiting vegna unglingadeildar var kr.145.960.365 árið 2020 sbr. svar SÁÁ til SÍ (undirritað af Einari Hermannssyni formanni SÁÁ og Valgerði Rúnarsdóttur yfirlækni Vogs. Ódagsett, mótt.af SÍ 9. mars 2021). Lágmarksfjöldi legudaga skv. samningi átti að vera 2050. Fjárveiting á legudag var því kr. 71.200. Skerðing á legudag skal vera 80% af fjárveitingu eða 56.960. Fjöldi legudaga átti að vera 2050 en var 144 og mismunur því 1.906 legudagar sem vantar upp á að legudagafjölda á unglingadeild árið 2020. Endurkrafa vegna þess er því kr. 108.565.760.-

Samtals er endurkrafa SÍ á hendur SÁÁ vegna tilhæfulausra reikninga og vanefnda á þjónustu og þjónustumagni kr. **174.520.142.-**

Fyrir hönd Sjúkratrygginga Íslands,

Ari Matthíasson, deildarstjóri eftirlitsdeildar

Fylgiskjöl:

Fskj. 1 Bréf Einars Hermannssonar til stjórnar SÁÁ 2 júní 2021, áframsent til SÍ

Fskj. 2 Upplýsingaöryggi fjarheilbrigðisþjónusta 24. jan. 2019

Fskj. 3 Þjónustusamningur um Vog dags. 20.12.2007, útrunninn

Fskj. 4 Talning 2019 Hópar Göngudeild